

NORÐURLJÓŠ

Fréttabréf Norðurláls

7. tbl. 2013 • Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason • Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Amar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursdóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.



2. sæti

3. sæti

Lífið utan vinnu

Um 20 myndir bárust í Ljós-myndasamkeppnina Lífið utan vinnu. Sigurmyndina á Jónas Heiðar Birgisson en mat dómnefndar er að hún sé stílhrein og með fallega myndbyggingu. Mynd Guð-

nýjar Diljár Helgadóttur hreppti annað sætið og mynd eftir Ívar Örn Hauksson hlaut þriðju verðlaun. Við þökkum þeim sem tóku þátt og óskum vinningshöfum til hamingju.



Framfarir hjá FC Norðuráli

Fjórða keppnisumri FC Norðuráls í Utandeildinni er lokið. Liðið hafnaði í þriðja sæti með 13 stig, fékk á sig 25 mörk en skoraði 29. Liðið byrjaði á því að vinna tvo leiki af fjórum á upphitunarmótinu ÍR Open. Byrjunin var því góð og eftir 3 leiki í utandeildinni var FC Norðurál efst í sínum riðli með 7 stig. Þá töpuðust tveir leikir áður en menn náðu

sér á strik aftur og náldu í þriðja sætið. Þetta er gríðarlega góður árangur ekki síst þegar liðið er til þess að síðustu ár hefur liðið staðið uppi með 3-4 stig í lok leiktímabili og vermt botnsæti síns riðils. Á síðasta ári vann FC Norðurál einn leik, skoraði 13 mörk og fékk á sig 33. Kristján Þór Gunnarsson, stofnandi og umsjónarmaður FC Norður-

áls, segir menn hafa verið staðráðna í að bæta sig. „Liðið skipar breiður hópur manna sem vinnur hjá mörgum deildum innan Norðuráls og svo eru nokkrir utan svæðis. Þessi hópur er búinn að spila saman í 2 ár og menn eru farnir að þekkja innan vallar og Bjarki Þór Aðalsteinsson sem sér um liðið hefur staðið sig með mikilli þryði.“

Verkefnastjórnun

Námskeið í verkefnastjórnun var haldið á Hótel Glymi í vor og haust, undir leiðsögn Svavars Hafþórs Viðarssonar. Promaconsult sá um námskeiðið sem mæltist vel fyrir. Til stendur að hafa framhaldsnámskeið fyrir þá sem stefna á vottun.



Áhugasamir starfsmenn á námskeiði. Karitas Jónsdóttir, Guðmundur Ásgeir Ólafsson, Sigurður Arnar Sigurðsson, Halldór Guðmundsson, Snæbjörn Kristjánsson, Baldur Bjarnason, Agnes Ástvaldsdóttir og Rafn Magnús Jónsson.



Örvar Ármannsson, Emil Hilmarsson og Pétur Ottesen leysa málin.



Djúpt hugsí.

ISO - Vottun kerfa

Haustið 2012 fékk Norðurál vottun samkvæmt ISO 9001 gæðakerfinu, án nokkurra athugasemda, sem er einstakur árangur. Nú er unnið að vottun á umhverfis- og vinnuöryggi, ISO 14001 og OHSAS 18001. Það krefst

þess að allar verklagsreglur séu rýndar, endurskoðaðar og að gengið sé í umbætur þar sem þörf er á. Stefnt er að vottun á þessu ári. Fyrsta úttekt fór fram í apríl og annað þrep úttektar verður í október.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Framleiðslan hefur gengið vel í sumar og við erum vel yfir markmiðum okkar. Sumarstarfsfólkið okkar hefur staðið sig með afbrigðum vel, voru greinilega vel undirbúin og höfðu fengið góða þjálfun. Nú þegar komið er haust og þau horfin til náms eða annarra starfa er mér þakklæti efst í huga. Vonandi eiga þau ánægjulegar minningar um góðan vinnustað þar sem Norðurál er, vinnustað sem þau vilja

vitja aftur næsta vor. Öllum starfsmönnum þakka ég fyrir hversu vel var tekið á móti þessu unga fólk.

Eftir að öryggisvísitalan hækkaði í byrjun sumars þá hefur hún farið lækandi s.l. vikur. Aukalegir öryggisfundir með sumarstarfsmönnum skiptu þar sköpum auk þess sem eldri og reyndari starfsmenn liðsinntu þeim vel.

Gæði í vinnubrögðum koma skýrt fram

í góðri framleiðslu og árangri í umhverfismálum. Vönduð og góð vinnubrögð hafa leitt til þess að losun um rjáfur er með allra minnsta móti. Það má tala um frábæran árangur við að takmarka losun flúors, ryks og PFC bæði með góðu viðhaldi á tækjabúnaði og með réttum og ögudum vinnubrögðum.

Gunnar Guðlaugsson

Eindreginn áhugi Century Aluminum

Mike Bless, forstjóri Century Aluminum, lét vel af heimsókn sinni á Grundartanga í lok ágúst mánaðar. Jafnframt fór hann í viðtöl hjá fréttastofum Stöðvar2 og RÚV Norðurlá. Þar áréttaði hann getu og eindreginn vilja Century Aluminum til að koma framkvæmdum við álver í Helguvík á fullan skrið og sagðist finna fyrir miklum velvilja frá íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt vísaði hann til þess að langtímahorfur í áliðnaði séu góðar, þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu í álverði.



Ert þú efni í liðsstjóra? Við leitum að liðsstjóra fyrir A vakt kerskála

Liðsstjóri er fyrirmynd starfsmanna.

Hann er hvetjandi og stýrir sínum hópi á öruggan og skilvirkan hátt.

Menntunar og hæfniskröfur

- A.m.k. eins árs starfsreynsla í framleiðslu
- Ökuréttindi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sterk öryggisvitund og fagleg vinnubrögð
- Ábyrgð og metnaður
- Frumkvæði og leiðtogaþæfni
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til 22. september

Leggja skal inn umsókn á www.nordural.is
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar:

Birna Björnsdóttir vaktstjóri - 664 8520

Endurnýjun búnaðar í skautsmiðju




Virnet í Borgarnesi, setur saman hulsbrjót.

Það er áskorun að skipta út búnaði í skautsmiðju þar sem á hverjum sólarhring þurfa að vera til reiðu 380 skaut fyrir kerskála. Þriggja daga framleiðslustöðvun var helgina 7-9 sept þar sem gerðar

voru breytingar á hengibraut. Fyrir stöðvun náðist að byggja upp 2000 skauta lager. Næsta stöpp áætlað í október, byggja þarf aftur upp lager af steypnum skautum



Framkvæmdasvæðið kl 18:21. Allt komið upp nema ein mjó gul keðjubraut sem þarf að leggja yfir þvera brúna.



Fleytivél.



Kátir starfsmenn við nýja raflausnartökulyftarann. Frá vinstri eru Jón Friðrik Jónsson, Lárus Hjaltested, Grétar Njáll Jónsson og Kristinn Friðberg Einarsson.

Dásamleg tæki og tól

„Dásamleg vél.“ „Þvílíkur munur.“ Þannig lýsa starfsmenn fleytivélinni í steypuskála sem leysir mannhöndina af hólmi og um leið fjölmörg vandmál. Vélina hefur verið sérstakt hugðarefni Páls Eggerts Ólafssonar og er einstök líka, enda samstarfsverkefni Norðuráls, Befesa og ABB.

Hulsbrjótur

Í september verður unnið að uppsetningu fyrstu nýju vélarinnar sem keypt er til skautsmiðjuverkefnisins. Þetta er huls-




Marcin Karol Leper stendur við nýja hulsbrjótinn.

brjótur frá fyrirtækinu Alu1 í Kópavogi og verður honum komið fyrir í gryfju sem SS verktakar byggðu nýlega, rétt vestan við núverandi hulsbrjóta. Jafnframt verður vökvadælustöðin endurnýjuð. Starfsmenn skautsmiðjunnar hafa brugðið sér í heimsókn til Vírnetts í Borgarnesi þar sem unnið er að samsetningu brjótsins og list þeim vel á hann. Nýi brjóturinn er miklu stærri vél en þeir gömlu, hann verður hraðvirkari, einfaldari og ræður við hulsur á 180 mm tindum.

Góður árangur í umhverfismálum


Losun á flúori og ryki á hvert framleitt tonn af áli á Grundartanga hefur aldrei verið eins lág og nú. Við getum öll verið stolt og ánægð með þennan góða árangur. Þurrhreinsibúnaði er ætlað að koma í veg fyrir að flúorgas og ryk frá kerskálum fari út í andrúmsloftið og stuðla að því að slík efni haldist í vinnslurásinni. Hjá Norðurál Grundartanga eru fjögur þurrhreinsivirki sem ná að hreinsa meira 99% af flúori úr afgasi kerskálans. Þurrhreinsibúnaðurinn er af hæsta gæðaflokki en stöðugur rekstur og ekki síst gott viðhald á búnaðinum er mikilvægt til að hámarka afköst hans. Í kerskála hefur einnig náðst gríðarlega góður árangur í lágmarkun á losun flúorkolefnissambanda (PFC). Flúorkolefnissambönd eru sterkar gróðurhúsalofttegundir sem myndast við spennuris. Heildarmagn flúorkolefna í losun er því háð fjölda spennurisa í kerskálunum og hve lengi þau vara. Losun flúorkolefnissambanda á hvert framleitt tonn er núna minna en hefur áður verið og má þakka það samstilltu átaki starfmannanna.




efnissambanda (PFC). Flúorkolefnissambönd eru sterkar gróðurhúsalofttegundir sem myndast við spennuris. Heildar-

magn flúorkolefna í losun er því háð fjölda spennurisa í kerskálunum og hve lengi þau vara. Losun flúorkolefnissambanda

á hvert framleitt tonn er núna minna en hefur áður verið og má þakka það samstilltu átaki starfmannanna.





Gerðu góð kaup!

Starfsmenn Norðuráls fá afslátt hjá meira en 30 þjónustu- og söluaðilum.

Athugið að framvísa þarf starfsmannaskírteini með mynd, til að nýta afslætti. Snúið ykkar til Guðrúnar eða Esterar í móttöku til að fá slíkt skírteini.

Reykjafell 20% afsláttur af öllum vörum

Ecco búðin Kringlunni 10%

Örninn 5% af reiðhjólum

Sjóngleríð 10%

Ísól 10%

Dynjandi 25% af flestum vörum

ZoOn 20%

Ozone 10% staðgreiðsluafsláttur

Bilanaust 10 -22%

Frumherji 20% afsláttur af öllum skoðunum.

Aðalskoðun 15%

Tékkland 15%

Stilling 5-15%

Poulsen 20% af bremsuhlutum, lakki og verkfærum

Sindri 3-35%

Gísli rakari, Akranesi 15%

Landvélar 25%

GÁP 15%

Slippfélagið 45%

Ellingsen 15% af útivistarvörum

Hótel Glymur 20% af gistingu og mat (einnig gjafabréf)

Skemmtigarðurinn 15% af listaverði fyrir hóp

Kristvín Bjarnason PGA golfkennari s: 899-1538 15% af einkakennslu og námskeiðum

Landnámssetrið 20% af Landnáms- og Egilssögusýningum, frítt fyrir börn yngri en 14 ára. 10% af matarveitingum. Létt hádegishlaðborð, -í boði alla daga frá 11:30-14:00, kr. 1.890.

NI 4 kr. Í beinan afslátt og 2 punkta af hverjum eldsneytislítra. 10 – 30% afsláttur

af vörum og þjónustu

AVIS Afsláttur af bílaleigubílum, uppl.hjá Avis

Bílaleiga Akureyrar Afsláttur af bílaleigubílum, uppl. hjá Bílaleigu Akureyrar
Grand Hótel 30% afsláttur. Hafa samband við Jóhann í móttöku.

Omnis 10% á rekstrarvörur og 5% á aukahluti fyrir tölvur og snjallsíma, borð og fartölvur, tilboð hverju sinni

Fleiri verslanir- og þjónustuaðila er að finna undir flípanum Korktafla á Innra-netinu.

Breyttur viðverutími hjúkrunarfræðings

Lína hjúkrunarfræðingur verður í haust með viðveru á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum

Læknir verður, eins og áður, við á miðvikudögum



Sigurður Ingi Friðleifsson framkvæmdastjóri orkuseturs skrifar:

Auðlindanýting eða skapandi greinar

Við Íslendingar virðumst seint þreytast á að draga menn í andstæðar fylkingar til að tryggja deilur og rifrildi í umræðum. Ein deilan sem nú er í gangi snýst um hvaða störf og starfsemi eigi að verða ráðandi næstu árin hér á landinu góða. Annar hópurinn keppist við að fordæma störf við auðlindanýtingu, eins og vinnu í stóriðjum á meðan hinn hópurinn reynir að gera lítið úr störfum í skapandi greinum.



Sameiginlega stefið er að þetta fari engan veginn saman þ.e. að ekki sé hægt að reka álver og hönnunarstofu með góðu móti á sama tíma. Þá er líka gjarnan fullyrt að skapandi greinar skapi í raun engar tekjur og séu því óþarfa punt.

Nú er ég ekki hagfræðingur og sú einfalda mynd sem ég hef af hagkerfinu hér er mögulega óraunhæf. Að mínu mati er þetta ekki svo flókið og snýst aðallega um að umsýslu verðmæta megi skipta í tvennt þ.e. framleiðslu og veltu, sem eru svo aftur samofin fyrirbæri.

Einfalt dæmi: Tvær eyjar

Eyja A og eyja B hafa sömu íbúasamsetningu. Á hvorri eyju fyrir sig búa þrjár manneskjur: sjómaður, ljóðskáld og skákkennari. Eitt árið veiddu sjómennirnir hvor sinn fiskinn sem þeir seldu til útlanda og nú eru til 100 alvöru krónur, bæði á eyju A og B.

Eftir eitt ár er fjárhagsleg staða eyjanna borin saman og niðurstaðan er sú sama, plús 100 kr.

Þetta skilja allir en þetta segir hins vegar ekki alla söguna því að á eyju A setti sjómaðurinn 100 kr. beint í baukinn en á eyju B keypti sjómaðurinn skákkennslu. Í kjölfarið borgaði skákkennarinn svo listamanninum laun fyrir að semja gríðarlega fallegan óð um töfra skákklistarinnar.

Staða eyjanna er því í raun ekki sú sama því á eyju B nýtti sjómaðurinn skapandi greinar til að velta krónunum áfram og kaupa sér í leiðinni nýja færni. Krónan valt áfram og eftir árið höfðu allir á eyju B 100 kr. í árs-laun í samanburði við eyju A þar sem tveir þriðju íbúa voru algerlega tekjulausir. Staða eyjanna eftir árið er því gerólik, á eyju A voru heildartekjur íbúa 100 kr. og lítið að fréttu. Á eyju B voru heildartekjur íbúa hins vegar 300 kr. og sjómaðurinn þar öruggur með að máta sjómann A í næstu brælu. Að auki varð til frægt ljóð um skákklistina sem hefur aukið hróður eyju B víða og gert alla íbúa hennar stolta.

Vissulega er ofangreint dæmi mikil einföldun en sýnir samt sem áður hvernig grunnframleiðsla og skapandi greinar geta spilað saman. Það er, að mínu mati, ótrúlegur hroki að gera lítið úr skapandi greinum sem eru svo mikilvægar til að skapa grundvöll til að velta verðmætum áfram svo að sem flestir fái að njóta þeirra. Á sama tíma er jafn óskiljanlegur hroki þegar menn

leyfa sér að gera lítið úr góðum og gildum verksmiðju- og fiskvinnslustörfum sem skapa grunnverðmæti þjóðfélagsins.

Annaðhvort/eða-umræða hefur alltaf truflað mig enda skil ég ekki hvernig starf í álveri fyrir austan rýrir möguleika Reykvikings á að semja listdans. Í einfaldni minni hélt ég alltaf að þetta færi saman þ.e. álverið skapar grunnverðmæti sem eru að hluta til nýtt til að greiða starfsmanni laun. Þessi sami starfsmaður getur svo mögulega nýtt þessi laun til að brenna suður og borga sig inn á þessa mögnuðu danslistsýningu.

Oft skapar mannaúdurinn einn og sér bein verðmæti eins og þegar íslenskur tölvuleikur er seldur erlendis, skáldverk eru þýdd og íslenskar kvikmyndir seldar á breiðtjöld framandi landa. Allir þessir stórkostlegu hlutir tengjast þó því að grunnverðmætusköpun eins og fiskveiðar og orkunýting hefur skapað tekjur til að smíða gott menntakerfi og standa undir nýsköpunarsjóðum, listamannalaunum og Kvikmynda-sjóði. Þetta eru skynsamlegar fjárfestingar sem skapa möguleika á að margnýta sömu krónuna og jafnvel stuðla að enn frekari útflutningi.

Hættum að garga og berum virðingu fyrir störfum hvert annars, því mikið væri Ísland aumt ef öll grunnframleiðsla festist í vasa fárra eða færi beint í erlend vörukaup. Er ekki betra að stuðla að aukinni verðmætusköpun og láta svo skapandi greinar velta þeim um hagkerfið svo að sem flestir njóti?

Tilraunaverkefni

Á haustdögum stendur til að halda, í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, 30 stunda námskeið í sem kallast –Skapandi tæknivitund“. SMV hlaut nýverið styrk úr Þróunar-sjóði framhaldsfræðslu til að hanna kennsluefni sem mun samvinna verklegt og bóklegt nám þar sem þátttakendur fá að kynna nútímalegum tæknilausnum sem notaðar eru bæði til sjávar og sveita. Námskeið sem þetta er sérniðið til þess að gefa fólki tækifæri að auka færni sína með því að öðlast grunnþekkingu á nútíma tæknibún-

aði og gera sér grein fyrir kostum hans og göllum, og einnig hvað ber að varast. Hugmyndin er að skipta náminu niður í hluta þar sem ein tegund sjálfvirkni tækjabúnaðar er tekin fyrir: Sjálfvirkni tækjabúnaðar þar sem **rafmagn** er notað til að framkvæma vinnuna Sjálfvirkni tækjabúnaðar sem notar **loftþrýsting** til að framkvæma vinnuna Sjálfvirkni tækjabúnaðar sem notar **vökvataeki** (Hydraulic) sem framkvæmir vinnuna Sjálfvirknan tækjabúnað sem notar **vélrænan tækjabúnað** sem framkvæmir vinnuna Samspila allra þátta hér að ofan af sjálf-

virku búnaði sem notaður er til að framkvæma tiltekna tegund vinnu

Öruggt atferli sem tekur á öryggisþáttum alls sjálfvirkis búnaðar

Lög og reglugerðir sem tengjast rafmagni, loftkerfum, vökvakerfum og vélrænum tækjabúnaði

Einnig er markmið þessa náms að gera þátttakendum kleift að auka tækniþekkingu sína ef áhugi er fyrir hendi í hefðbundnu skólakerfi og ætti námskeiðið að nýtast sérstaklega vel þeim sem hyggja á frekara nám í verkmenntun. Þar með er komið á móts við atvinnurekendur sem þurfa í síauknum mæli starfsfólk með þekkingu á nútíma tæknibúnaði. Skortur hefur verið á tæknitengdum námskeiðum fyrir almenna, ófaglærða starfsmenn Norðurláls, og því fögnum við því að fá að taka þátt í þessu tilraunaverkefni.

Steinunn Kr. Pétursdóttir

Spurning dagsins

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?



Grétar Njáll Jónsson, C-vakt
Fór á ættarmót í Borgarfirði eystri



Kristinn Friðberg Einarsson, C-vakt
Chillaði!!!!!!!!!!!!!!



Valdimar Magnússon, Steypuskála
Gerði upp gamla dráttarvél.



Svala Benediksdóttir, Ræstingu
Ferðaðist um Ísland.



Helga Magnúsdóttir, Ræstingu
Var í sumarbústaðnum mínum.



Starfsmenn Norðurláls spila golf í öllum veðrum. Þröstur Vilhjálmsson, Jón H. Sveinsson, Lárus Hjaltsted og Vilhelm Jónsson.

Golfsumarið 2013

Þá er golfsumrinu 2013 formlega lokið hjá Golfklúbbi Norðurláls - GONA. Þátttaka var góð að venju, alls voru 39 einstaklingar skráðir í klúbbinn þetta árið og 32 tóku þátt í einhverju mótanna sem í boði voru. Nokkur ný andlit bar fyrir og er það einstaklega ánægjulegt að sjá aukinn áhuga á þessari skemmtilegu íþrótt. Fyrirkomulagið var með svipuðu móti og undanfarin ár, hámarks grunn-

besta samanlagða skor úr tveimur mótum útnefndur Punktameistari GONA. En svona gengu mótin fyrir sig:

Hólmsvöllur í Leiru, 17. maí
Alls tók 21 kylfingur þátt í ágætis veðri og urðu úrslit eftirfarandi:

Rafn Magnús Jónsson	37 punktar
Pétur Ottesen	36 punktar
Ágúst Hafberg	33 punktar

fram í blíðskaparveðri þar sem Garðavöllur skartaði sínu fegursta í gláðasólskini.

Okkar keppendur gerðu góða hluti. Þar ber hæst glæsilegur sigur Vilhelms Jónssonar í einstaklingskeppni en til viðbótar átti Norðurlál sveitirnar sem vermdu annað og þriðja sæti mótsins.

Úrslit voru eftirfarandi:

Sveitakeppni

1. sæti

Elkem - sveit 4

Thomas Fredriksen	106 punktar
Unnar Eyfjörð	
Kristján Huldar Aðalsteinsson	

2. sæti

Norðurlál - sveit 1

Kristvín Bjarnason	95 punktar
Alexander Högnason	
Bjarki Þór Jóhannsson	
Guðlaugur Guðjón Kristinsson	

3. sæti

Norðurlál - sveit 2

Magnús Gunnlaugsson	95 punktar
Reynir Ingimarsson	
Páll Halldór Sigvaldason	
Sigurður Grétar Davíðsson	

Einstaklingskeppni

1. sæti Vilhelm Jónsson	
Norðurlál	40 punktar
2. sæti Thomas Fredriksen	
Elkem	38 punktar
3. sæti Unnar Eyfjörð	
Elkem	36 punktar



Einar Benediktsson, Alexander Högnason og Búi Vífilsson.

forgjöf var gefin 30, verðlaun fyrir 3 efstu sætin auk þess sem veitt voru nándarverðlaun á síðasta mótinu á Garðavelli. Við niðurröðun keppnisdaga var tekið tillit til vaktatöflunnar svo allar vaktir ættu jafnan möguleika á að mæta á mótin. Að loknum GONA mótunum var sá sem hafði

Stóriðjumótið, 21. júní

Norðurlál annaðist framkvæmd Stóriðjumótsins að þessu sinni sem fram fór á Garðavelli á Akranesi. Þátttaka var með því mesta sem hefur sést, tæplega 70 kylfingar mættu til leiks frá: Norðurláli, Elkem, ÍSAL og Fjarðaáli. Þar af voru rúmlega 20 frá Norðurláli. Mótið fór einstaklega vel

Hamarsvöllur í Borgarnesi, 26. júlí
21 kylfingur tók þátt í fádæma blíðu og varð röð efstu manna þessi:

Lárus Hjaltested	33 punktar
Búi Vífilsson	31 punktur
Þröstur Vilhjálmsson	28 punktar

Garðavöllur á Akranesi, 30. ágúst
Síðasta mótið var að venju á Akranesi og má færa gild rök fyrir því að veðrið hafi tæplega verið fallið til væntinga um for-gjafarlækkun þeirra sem spiluðu. Fjórtán kylfingar sýndu djörfung og dug, leiknar voru seinni níu holur vallarins í strekkingsvindi og nokkurri úrkomu sem tók á sig mynd hagléls í skamma stund. Áður en lagt var af stað út í þessa krefjandi veðráttu var það mál manna að Norðurál væri ekki komið á þann stall sem raunin sannar ef menn og konur hefðu alltaf hoptað þó hraustlega blési á móti að þeim orðum mæltum voru allir ræstir út með bros á vör og stolti í hjarta. Úrslitin urðu þessi:



Farið yfir úrslitin. Bjarni Ólafsson, Ragnar Guðmundsson og Pétur Ottesen.



Vaskir golfarar í rýsjóttu veðri. Benedikt Heiðar Jóhannsson, Bjarni Borgar Jóhannsson og Gunnar Jóhannes Scott.

Vilhelm Jónsson	30 punktar
Lárus Hjaltested	28 punktar
Guðjón Viðar Guðjónsson	26 punktar

Sá sem sigrar í lokamótinu er útnefndur Norðurálsmeistari og þá nafnbót mun Vilhelm Jónsson bera næsta árið. Náðarverðlaun hlutu þeir Ragnar Guðmundsson á 14. braut og Pétur Ottesen á 18. braut.

Punktameistari GONA

Lokastaða í keppninni um Punktameistara GONA breyttist ekki í síðasta mótinu og var það frumkvöðull GONA, Lárus Hjaltested, sem bar sigur úr þítum. Eins og í fyrra verða þau verðlaun afhent á árhátíð Norðuráls.

Röð efstu manna í punktkeppninni varð þessi:

Lárus Hjaltested	64 punktar
Pétur Ottesen	60 punktar
Búi Vífilsson	59 punktar

Að lokum viljum við sem höfum annast

umsjón GONA þetta árið þakka fyrir ánægjulegt golfsumar með von um að næsta sumar verði jafn vel heppnað og það sem nú er að líða.

*Bjarni Ólafsson
Guðjón Viðar Guðjónsson
Pétur Ottesen*



Jón H. Sveinsson í góðri sveiflu.

Hver er?

Fullt nafn : Sigurður Árni Waage
Fæðingarstaður- og dagur: Reykjavík
28.02.1975

Hvenær hófstu störf hjá Norðuráli?
01.02.2010

Hvað er skemmtilegast að gera fyrir utan vinnu? Vera með fjölskyldunni og spila tónlist.

Hvert er aðal áhugamálið? Tónlist

Uppáhaldsmaturinn? Hamborgarhryggur

Uppáhaldsdrykkurinn? Kók

Uppáhalds sjónvarpsefnið? Enski boltinn.

Ertu hjátrúarfull/ur? Nei

Hvaða persónu í mannkynssögunni myndir þú helst vilja hitta? Það hefði



verið gaman að hitta Hemma Gunn.
Hver er besta bókin sem þú hefur lesið? Mýrin. Hef ekki lesið margar.
Hvaða hljómsveit eða söngvari er í mestu uppáhaldi? Vorvindar (að sjálf-sögðu)
Hver er uppáhalds hreyfingin eða íþróttin? Fótbolti
Hvaða þrjú orð lýsa þér best? Rólegur, rugludallur, rokkari.
Hver er fallegasti staðurinn á Íslandi? Víkingsvöllurinn
Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Færeyja
Hver eru framtíðarplön þín? Að gera Vorvinda heimsfræga.

Stafrænar flóðavarnir


Norðurál framleiðir ál en ekki upplýsingar. Upplýsingar í formi ýmis konar skjala svo sem fundargerða, reiknilíkana, mælinga, tölvupósta og minnispunkta eru hinsvegar órjúfanleg aukaafurð í framleiðsluferlinu. Á sama tíma og pappír og möppur eru á undanhaldi flæða rafræn skjöl á milli manna gegnum nettengdar upplýsingapípur. Þá má líkja upplýsinga- og skjalamagninu við vatnsflaum úr leku röri eða krana sem flæðir yfir planið og út um allt. Fyrstu viðbrögð við

og skjöl Norðuráls svo þau flæði ekki út á planið og gufi upp í hitanum frá kerskál-anum. Það er þó ekki eini tilgangur verkefnavefsins. Hann gefur starfsmönnum kost á að vinna og halda utan um sín verkefni á einum stað. Öll skjöl og vinna verkefnahópa eru þannig vistuð á öruggum stað og þanni eykur verkefnavefurinn yfirsýn yfir þau verkefni sem eru í vinnslu hverju sinni. Verkefnavefurinn tryggir að upplýsingar um starfsemi Norðuráls verði aðgengilegar

vefurinn tryggir að þær upplýsingar sem þörf er á séu aðgengilegar á þeim tíma sem þeirra er þörf.

Flóðavarnir eru öruggar ef þær eru undir stöðugu eftirliti, þeim er viðhaldið reglulega og þær eru endurbættar eftir þörfum. Sama gildir um Verkefnavefinn. Verkefnavefurinn er úrbótaverkefni sem allir starfsmenn sem vinna með upplýsingar taka þátt í.

Skjalastjóri Norðuráls er með viðveru annan hvern miðvikudag á Grundartanga.



flóði er að skrúfa fyrir lekann og beina vatni í réttan farveg. Þá er hægt að fara að moppa upp í rólegheitum.

Verkefnavefurinn er okkar leið til þess að ná tökum á skjalafloðinu. Verkefnavefurinn er kerfi sem heldur utan um verkefni

óháðar misjafnlega aðgengilegri vistun á drifum. Verkefnavefurinn er vinnutæki og er öflugastur þegar starfsmenn taka sig saman um að nota hann við daglega vinnu og til þess að halda utan um öll skjöl sem einhver gæti þurft að finna aftur. Verkefna-

Hægt er að líta við með spurningar eða senda fyrirspurnir, ábendingar og vanga-veltur á skjalastjóri@nordural.is.

Dagrún Árnadóttir og Óskar Þór Þrá-insson, skjalastjóri og skjalastjóri í sumarafleysingum.

Sveinspróf

Við óskum Hilmari Þór Símonarsyni og Tómasi Alexander Árnasyni til hamingju með sveinspróf í rafvirkjun. Að sjálfsögðu var áfanganum fagnað með köku.



Tómas Alexander Árnason og Hilmari Þór Símonarson.



Hluti nemenda í framhaldsnámi Stóriðjuskólans. Talið frá vinstir eru Árni Björnsson, Sæunn Guðmundsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Bjarki Georgsson, Ragnar Jón Ólafsson og Þorgrímur V. Guðbjartsson.

Skóla-setning Stóriðjuskóla

Stóriðjuskóli Norðuráls fór formlega af stað 2. September. Sextán verða

að sinni við grunnám í skólanum. Átján nemendur leggja stund á fram-

haldsnámið sem nú er í boði í fyrsta sinn. Gangi ykkur vel!



Arnar Baldvínsson, Elías Hilmar Utley, Ingbór Sigurðsson, Ásgeir Ólafsson, Hrólfur Árni Borgarson, Geir Geirsson, Hekla Gunnarsdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni og Ester Magnúsdóttir frá starfsmannahaldinu sem sá um að útbýta töskum og kennslugögnum



Inga Dóra Halldórsdóttir og Hekla Gunnarsdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni koma til með að halda utan um Stóriðjuskólann í vetur.



Frá skóla-setningu Stóriðjuskólans.

ÁRSHÁTÍÐ

Starfsmannafélags Norðurláls

VERÐUR HALDIN Í SILFURBERGI - HÖRPU

LAUGARDAGINN 12.OKTÓBER

HÚSIÐ OPNAR KL. 19:00 MEÐ FORDRYKK

OG FORRÉTTAHLAÐBORDI

SKRÁNING ER HAFIN Á LAGERNUM

LOKADAGUR SKRÁNINGAR ER 6. OKTÓBER



GISTING Á GRAND HOTEL

1.MANNS HERB. 13.700 - NÓTTIN

2JA MANNA HERB. 15.500 - NÓTTIN

JUNIO SUITE 23.500 - NÓTTIN

RÚTUFERÐIR

FRÁ HYRNUNNI BORGARNESI KL 17:50 / FRÁ STÖÐINNI AKRANESI KL 18:20 AÐ HÖRPU
HEIM AFTUR KL 24:00 OG EINNIG EFTIR BALL.

FRÁ GRAND HOTEL KL 18:50 OG TIL BAKA KL 24:00 OG EINNIG EFTIR BALL.